

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 14/98
frá 6. mars 1998**

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
35/97 frá 29. maí 1997⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/97/EB frá 20. desember 1996 um breytingu á tilskipun 86/378/EBE um
frankvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa
einstakra starfsgreina⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 20. lið (tilskipun ráðsins 86/378/EBE) í XVIII. viðauka við
samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0097:** Tilskipun ráðsins 96/97/EB frá 20. desember 1996 (Stjtið. EB nr. L
46, 17. 2. 1997, bls. 20).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 2. 10. 1997, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 41, 2. 10. 1997, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 46, 17. 2. 1997, bls. 20.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/97/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner